

# Hin nýja náttúrufræði.

Einfache Wahrheit sage  
ich dir!

Goethe (Faust).

I.

Mig dreyndi að eg sæi mann, sem var að leika á píanó. Þegar eg vaknaði, fór eg að hugsa um hvernig á draum þessum mundi standa, og var það auðskilið, er eg mundi eftir því, að eg hafði undanfarandi daga talað við píanóleikara, sem eg hafði þá ekki séð um allmarga mánuði. Atriði úr draumnum var mér minnstætt; maðurinn var á einkennilegum og nokkuð stórkostlegum stígvélum. Þegar eg hitti píanóleikarann næst sagði eg honum drauminn og gat um stígvélina, í þeirri von að hann kynni að geta sagt mér eitthvað, sem erða mætti þessu atriði draumsins til skýringar. Og það brást heldur ekki. Hann hafði einmitt haft nokkra önn og umhugsun í sambandi við íþróttastígvél, sem hann ætlaði að fá sér. Líkt þessu hefir oft komið fyrir mig, og kemur þar fram stillilög málið. Lögmál þetta hefi eg nú verið að rannsaka síðan sumarið 1914, og betur og betur séð hversu viðtæk þýðing þess er. Og meðan ekki er fengin þekking á því, getur t. d. varla verið um meir en hálf-visindalegar, sálrænar rannsóknir að ræða, og það er að miklu leyti af því, að vitneskju um það vantar, sem hin fræga draumafræði Freuds er réttar nefnd falsvísindi, heldur en jafnvel hálf-

12.10.35

II.

Hver greindur maður getur, með nokkurri þolinmæði, af eigin reynd sagnfærst um, að lögmál þetta sem eg hefi nefnt stillilög málið, er til, og með æfingu lært að rekja ýmsa þætti í draumum sínum til áhrifa frá þeim, sem hann hefir hitt eða talað við, áður en hann svaf. Og oft koma mjög glögglega í ljós, áhrif þess, sem nefna mætti hið almenna aflsvæði, áhrifin af því sem þá dagana er almenningi, eða þá a. m. k. mörgum, mikið áhuga- og umhugsunarefni. Til dæmis má nefna þetta. Nóttina áður en ensku herskipin komu hingað í fyrri-  
sumar, dreyndi mig að eg stæði hér inni á stíg, og sæi á höfninni 2 geysistöð herskip, sem lágu nokkuð líkt og ensku herskipin nokkurum klukkustundum síðar, en líktust þeim annars ekki vitund, og raunar ekki neinum þeim skipum, sem eg hefi í vöku séð. Kemur þar fram þetta atriði, sem er svo afar þýðingarmikið fyrir rannsóknina á eðli drauma, að menn dreymir nálega aldrei það sem þeim er kunnugt úr vöku. Býst eg þó við, að mörgum muni fara eins og mér, að þeir þurfi langan tíma til að átta sig á því að svo er.

### III.

Það er óhætt að fullyrða, að þekkingin á stillilögmálinu, mun fá hina mestu þýðingu á margan hátt. Ýmislegt sem á hefir vantað um skilning á sköpun og breytingum dýrategunda og jurta, mun sú þekking gera miklu auðskýrðara. Skal þó hér aðeins drepð á nokkur atriði er mannfræði snerta.

Menn hafa bent á það hversu afkomendum hinna elstu og eldri bresku landnema í Vesturheimi hefir farið að svipa til Indíananna sem þar bjuggu fyrir, um vöxt og andlitsár, og komið þar með mjög ófullnægjandi skýringar. En eg hygg óhætt að fullyrða, að þetta verði ekki skýrt án þekkingar á stillilögmálinu. Indíanarnir hafa haft stilliáhrif. Lögmál þetta verður einnig að hafa í huga, þegar skýra skal hvernig á því stóð, að svo er að sjá sem hið norræna kyn hafi náð mestri líkamlegri fullkomnun hér á Íslandi á 10, öld, og einnig norrænt mál. Engin þjóð af öðru kyni var til hér í landinu, sem haft gæti óheppileg stilliáhrif. Bernhard J. Bülow segir í æfiminningum sínum mjög fróðlega frá því er hann heimsótti Rússakeisara, og getur með undrun um hið eindregið rússneska yfirbragð keisararættarinnar, sem var þó alþýsk að uppruna. Kemur þar enn til greina lífgeislan og stilliáhrif.

### IV.

Stórmikla þýðingu mun þekkingin á stillilögmálinu fá í meðferð sakamála og verða til þess, að ekki mun þurfa að eiga sér stað, að óvissa sé um sekt einhvers, eða dómfeldur sá sem saklaus er, eins og verið mun hafa stundum. Þannig var t. d. fyrir skömmu sagt frá því í blöðum, að sannast hefði sakleysi manns, sem setið hafði 20 ár í fangelsi. Allir blaðalesendur kannast við Bruno Hauptmann, sem sakaður var um að hafa drepð barn Lindberghjónanna og dómfeldur, en sumir hyggja þó saklausan. Vissu í þessu fræga máli mætti sennilega fá með því að rannsaka nógu rækilega stilliáhrif Hauptmanns, þannig að nokkrir menn aðgættu vandlega hver áhrif hann hefði á drauma þeirra.

### V.

Stillilögmálið er aðeins einn þáttur í þeim lögmálum, sem lífmagnanin fer eftir eða lífgeislanin og það sem þar til heyrir um sambandið milli lífveranna. Tilraunir mínar til þess að rannsaka eðli drauma, sem eg hóf fyrir meir en 33 árum, fóru, er eg hafði þreifast fyrir mér í nokkur ár, að leiða til vaxandi skilnings og kom þannig ótvíræðlega í ljós, að fundin var hin rétta leið í þessum efnum. Því að það er hið óbríðula merki sannleikans, hins nýja vísindalega samleika, að hann leiðir til vaxandi þekkingar. Með því að

skilja að draumlífið á rætur sínar í sambandsástandi, var fundin leið til að rannsaka lífið á stjörnunum og þá einnig lífið eftir dauðann, sem hefir sýnt sig að heyra undir náttúrufræðina, engu síður en líf vort hér á jörðu. Og það mun sannast, að eg fer ekki með nein- ar ýkjur, þegar eg segi að í þessu sambandi sé jafnvel ástæða til að tala um nýja náttúrufræði, og þó ekki af því, að þeirri, sem fyrir er, sé hrundið, heldur af því, að takmörk náttúruþekkingarinnar færast svo stórkostlega út, þegar þekkingunni á sambandseðli líf- vélarinnar (organismans), á lífinu á stjörnunum og lífinu eftir dauð- ann, er við aukið. Gilbert talaði fyrir rúmum 300 árum um ný vís- indí í sambandi við þessar rann- sóknir sínar, sem rafmagnsfræðin hefir vaxið upp af síðan, og þykir nú engum sem hann hafi þar of mælt. En framtíðin mun leiða í ljós, að ekki er síður ástæða til að tala um ný vísindi í því sam- bandi, sem hér er gert.

## VI.

Hin nýju vísindi munu verða til þess, að mennirnir ná miklu betur en áður tökum á allri náttúrunni. Slíkt, sem áður var nefnt krafta- verk og aðeins bar við endur og eins, mun verða hið alvanalega. Veikindi, sem raunar munu verða sjaldgæfari og sjaldgæfari, munu verða læknuð á svipstundu, og meidsli grædd og jafnvel heilir limir látnir vaxa aftur þó að tap-

ist. Ellihrórnun mun verða útrýmt og að síðustu sjálfum dauðanum, en maðurinn fara að taka miklu meiri og betri þátt í sköpun heims- ins en nú. En í mikilli hættu erum vér staddir hér á jörðu, ef ekki yrði framgangs auðið þessari litlu byrjun, sem hér hefir verið vikið á. Biða þá framundan verri tíð- indí en orðið hafa áður í sögu mannkynsins. Benti eg á þetta fyrst í bréfi, sem ritað var í apríl 1914 og til er enn. Og er það nú að vísu mörgum ljóst orðið, að miklu geigvænlegri hættur vofa yfir mankyninu en nokkru sinni áður. Er jafnvel nokkur ástæða til að ætla, að ný jarðöld sé í að- sigi, með allmiklu æstara starfi jarðaflanna en verið hefir nú um nokkrar þúsundir ára. Mundi þar einungis ónógri vörn verða við komið, ef ekki fengist samband við þær verur, sem svo eru langt komnar, að þær geta haft stjórn jafnvel á eldgosum og jarðskjálft- um, og það einnig þó að hér á jörðu sé, ef aðeins mankyn vorr- ar jarðar hefir lært að haga sér svo, að hinar æðri verur geti náð hér tökum. Mun það sannast, að ýms átrúnaður forn, hefir ekki verið að öllu eins ástæðulaus og flestum hefir verið gjarnt að ætla nú lengi. Má minna á það hvernig því var trúað, að guðirnir ferð- uðust um loftið í „vængjuðum vögnum“. En allir vita nú, að slík farartæki geta verið orðin al- geng, jafnvel þó að mikið vanti á að um guði sé að ræða.

2.—9. okt.

Helgi Pjeturs.